

Mánudaginn 7. október 1985.

Nr. 97/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Friðrik Ingvari Oddssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað 28. mars 1985 af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu ákærða.

Ágrip barst Hæstarétti 30. júlí 1985.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmatið og heimfærslu brotsins undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuðir, en fresta þykir mega fullnustu hennar, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og bótaskilyrði 6. tl. sömu greinar, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og greiðslu skaðabóta skulu óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðrik Ingvar Oddsson, sæti fangelsi tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og bótaskilyrði 6. tl. sömu greinar, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og greiðslu skaðabóta skulu óröskuð.

Ákæri greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 25. janúar 1985.

Árið 1985, föstudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 8/1985: Ákærvaldið gegn Friðrik Ingvari Oddssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 3. janúar 1985, höfðað gegn Friðrik Ingvari Oddssyni verkamanni, Hólabraut 3, Hafnarfirði fyrir þjófnað með því að hafa sunnudaginn 12. ágúst 1984 stolið 30.000 krónum í íbúð að Norðurbraut 33 í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 244. gr. almennta hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 28. september 1953, í Reykjavík og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

— — —

Sakavottorð tilgreinir einn refsidóm fyrir umferðarlagabrot og 17 dóm-sáttir.

Samkvæmt framburði ákærða, skýrslu lögreglunnar og öðrum gögnum málsins eru málavextir þessir:

Laugardagskvöldið 11. ágúst sl. hafði kærandinn, Helgi Guðbjörn Júlíusson, Norðurbraut 33, Hafnarfirði, farið út að skemmta sér ásamt kunningjafólki sínu utan af landi. Það hafði verið farið í veitingahúsið Skiphól í Hafnarfirði. Eftir dansleik var þeim öllum boðið í samkvæmi, en á leiðinni þangað var komið við heima hjá Helga í því skyni að hafa húsnaðið ólæst, ef fólkíð, sem var með honum, yrði viðskila við hann, en það hafði ekki lykil að íbúðinni. Fólkíð hafð svo allt farið í samkvæmið, þar sem Helgi sofnaði og kom ekki heim til sín aftur fyrr en komið var undir hádegi á sunnudeginum.

Ákærði hafði hitt Helga á dansleiknum í Skiphól og klukkutíma eftir að dansleik var lokið, hafði hann haldið heim til Helga í því skyni að fá hjá honum áfengi. Hann kom að húsinu ólæstu, fór inn í það og inn í herbergi Helga, en hann var ekki þar fyrir. Ákærði leitaði fyrst í herberginu að áfengi, en fann ekkert. Í skrifborðinu þar fann hann í einni skúffunni

búnt með fimm hundruð króna seðlum, sem hann tók og hafði með sér brott úr íbúðinni og eyddi þeim síðar til áfengiskaupa og annars, sem hann notaði í eigin þágu. Ákærði var ekki viss um, hversu há upphæð í peningum þetta var, sem hann tók þarna, en samkvæmt því, sem eigandinn taldi, átti að vera þarna krónur 30.000 í fimm hundruð króna seðlum, og hefur ákærði viðurkennt að það geti verið rétt, að hann hafi tekið þessa upphæð. Til ákærða sást, er hann fór frá húsinu, og gat hlutadeigandi lýst honum, og taldi Helgi síðan líklegt samkvæmt lýsingu, að það hefði verið ákærði í máli þessu. Hann var svo síðan tekinn fyrir út af þessu, og kannaðist hann við að hafa tekið þessa peninga, en hafði þá eytt þeim.

Með framangreindum verknaði hefur ákærði gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindri gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 57. gr. a sömu laga, sbr. lög nr. 101, 1976, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 16.000,00, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði sæti ennfremur fangelsi í 20 daga, en eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Kærandinn, Helgi G. Júlíusson, hefur gert kröfu til, að ákærði greiði honum kr. 30.000,00 í bætur, og hefur ákærði fallist á kröfu þessa og þykir mega taka hana til greina.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðrik Ingvar Oddsson, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 16.000,00, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði sæti og fangelsi í 20 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð skv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði Helga Guðbirni Júlíussyni, Norðurbraut 33, Hafnarfirði, kr. 30.000,00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.